

Tillaga til 424. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 25. október 2018

Tillaga 1033. fundar bæjarráðs frá 8. október sl., um að samþykkja viðauka 6 við fjárhagsáætlun 2018.

3. Viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar ósk um aukna aðkeypta þjónustu að fjárhæð kr. 2.420.000,- vegna framtíðarskipan skólamála á Flateyri. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan aðalsjóðs, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.